

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1994, um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda samkvæmt reglugerð þessari er bundin við vörur sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskránum, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum:

0602.1000	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta.
Úr 0602.4000	Rósir, einnig ágræddar, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi til afskurðar.
Úr 0602.3000	Sáðplöntur, græðlingar og smáplöntur pottlausar eða í pottum eða
0602.4000	bakkahólfum sem eru 6,5 cm í þvermál eða minni sem ætlaðar eru til
0602.9020	framhaldsræktunar í gróðurhúsi í a.m.k. 2 mánuði fyrir sölu, þó ekki
0602.9030	stórar úrslegnar plöntur og rótaþvegnar plöntur. Hámarkspottastærð á
0602.9059	ekki við um smávaxin afbrigði (mini-plöntur), kaktusa eða þykk-
0602.9070	blöðunga þar sem miða skal við unglöntur. Hámarkspottastærð á
0602.9091 og	ekki við um tegundina <i>Nertera granadensis</i> . Hámarkspottastærð á
0602.9092	ennfremur ekki við um alparósir (<i>Azalea</i> , <i>Rhododendron</i>) sem fluttar
	eru inn á tímabilinu 1. september til 31. október.
Úr 0602.2000	Smáplöntur af garðplöntum (1/0, 0/1) sem ætlaðar eru til framhalds-
0602.3000	ræktunar á garðplöntustöð í a.m.k. eitt sumar fyrir sölu.
0602.4000	
0602.9045 og	
0602.9051	
Úr 0701.1000	Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl.
Úr 6806.1009	Steinull, sérstaklega gerð til framleiðslu garðyrkjuafurða.
Úr 8539.3900	Úrhleðsluperur, þ.e. háþrýstiperur til lýsingar í gróðurhúsum.
Úr 9405.1009	Háþrýstilampar til lýsingar í gróðurhúsum.
Úr 9406.0009	Forsmíðuð gróðurhús.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. tölul. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 10. september 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.